

Náttúrufræði og umhverfismennt 4.bekkur

Hæfniviðmið

Geta til aðgerða

Markmið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- útskýra hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra,
- taka frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum,
- sýna virkni og láti sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því,
- greina á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- koma auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,
- benda á störf sem krefjast sérþekkingar og skilji mikilvægi sérþekkingar.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- miðla í máli og myndum hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,
- nota einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum,
- geta útskýrt hvernig tækni nýtist í þeirra daglega lífi,
- gera sér grein fyrir hvernig marðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinum við hana.

Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- segja frá og framkvæma með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni,
- afla sér upplýsinga er varða náttúruna,
- skrá atburði og athuganir s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og segja frá þeim,
- nota ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,
- útskýra valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt,
- hlusta á og ræða hugmyndir annarra.

Efling ábyrgðar á umhverfinu

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- taka eftir og ræða atriði í umhverfi sínu, sýna félögum og náttúru alúð,
- skoða og skrá dæmi um áhrif af gjörðum mannsinns á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,
- taka þátt í að skoða, greina og bæta eigin umhverfi og náttúru.

Að búa á jörðinni

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- taka þátt í og segja frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi,
- segja frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum,
- lýsa landnotkun í heimabyggð,
- fylgjast með og skrá upplýsingar um veður í heimabyggð,
- lýsa breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.

Lífsskilyrði manna

Markmiðið er að nemendur ölist hæfni í að:

- útskýra á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans,
- útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns,
- benda á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi,
- útskýra á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkja einkastaði líkamans,
- ræða fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.

Náttúra Íslands

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- segja frá eigin upplifun á náttúrunni og skoða lífveru í náttúrulegu umhverfi,
- lýsa algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu,
- útskýra fæðukeðjur og rekja fæðu til frumframleiðanda,
- greina á milli algengustu orkugjafa á Íslandi,
- segja frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

Heilbrigði umhverfisins og samspil vísinda

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- geta fjallað um samspil manns og náttúru,
- flokka úrgang,
- gera grein fyrir þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.

Tækni og þróun í samfélaginu

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- flokka gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra,
- ræða hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

Kennsluhættir

Nemendur læri um náttúru landsins bæði plöntur og lífverur. Fjallað verður umárstíðirnar og breytingar á náttúrunni. Kennslustundir byggjast fyrst og fremst á umræðum. Einnig verður fjallað um mannlíkaman og starfsemi hans. Skoðaðar verða hringrásir efna á jörðinni og fjallað um umhverfisvernd. Skoðaðverður hvernig tækni hefur haft áhrif á líf manna. Kennari les með nemendum texta og síðan eru umræður. Verkefni eru svo unnin samhliða þegar það hentar. Ýmist er verið að vinna í hópavinnu eða að nemendur vinna sjálfstætt

Námsmat: Símat